Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Leikskólinn Klambrar

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra 5
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 6
2.1 Mat leikskólastjóra 6
2.1.1 Stjórnun 6
2.1.2 Uppeldis og menntastarf 7
2.1.3 Leikskólabragur 7
2.1.4 Innra mat 8
2.1.5 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar 8
2.1.6 Ytra mat 11
2.2 Mat elstu barnanna 14
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 17
3.1 Frá leikskólastjóra 17
4. Starfsþróunarsamtöl 20
5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans 21
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 21
7. Foreldrasamstarf 21
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 22
8.1 Starfsdagar 2026-2027 22
8.2 Skóladagatal 2026-2027 23
9. Þróunarverkefni 23
10. Fylgiskjöl: 24
10.1 Innra mat deilda 2025-2026 24
10.2 Engi/Umbótaþættir 24

10.3 Dalur /Umbótaþættir 27
10.4 Holt og Holt/Umbótaþættir 30
10.5 Tún 33
10.6 Teigur/Umbótaþættir 37
10.7 Myndlist/Innra mat myndlist 2026 40
10.8 Hreyfing/Innra mat 41
10.8.1 Yngsta stig / Engi og Dalur 41
10.8.2 Eldri stig / Hlíð, Holt, Tún og Teigur 41
10.9 Tónlist/Innra mat 41
10.10 Umbótaáætlun deilda 2026-2027 43
10.11 Engi og Dalur 43
10.12 Umbótaráætlun Holt og Hlíð 49
10.13 Tún 54
10.14 Teigur 61
10.15 Tónlist/Umbótaráætlun 67
11. Mánaðarleg þemu 69
11.1 Engi og Dalur 69
11.2 Holt og Hlíð 70
11.3 Tún 72
11.4 Teigur 73
11.5 Myndlist 74
11.5.1 Áherslur 1-4 ára: 74
11.5.2 Áherslur 4-6 ára: 74
11.6 Áherslur í tónlistakennslu 75
11.6.1 Áherslur á yngstu deildum: 75
11.6.2 Áherslur á eldri deildum: 75
11.7 Áherslur heilsu og hreyfingu 76

12. Leikskóladagatal 78

12.1 Umsögn foreldraráðs 79

1. Greinargerð leikskólastjóra

Það sér nú loksins fyrir enda á framkvæmdum sem hófust með framkvæmdum á útisvæði haustið 2021. Í upphafi skólaársins 2025-2026 sameinuðumst við öll í húsnæði leikskólans Klambra Háteigsvegi 33 en um vorið hafði leikskólinn verið starfandi á tveimur starfstöðum, á Barónstíg annarsvegar og hins vegar á Klömbrum. Á þessum tíma var verið að endurbæta húsnæði leikskólans og haustið 2025 var stjórnenda álma skólans rýmd og farið í endurbætur. Það má því segja að skólaárið 2025- 2026 hafið verið seinna ár framkvæmda í leikskólanum. Að loknum framkvæmdum var húsnæði leikskólans svo opnað fyrir almenning og auk þess sem skóla og frístundasvið var formlega boðið í heimsókn þann 4. maí 2026.

Þær breytingar sem orðið hafa á leikskólanum eru að leikskólinn fór úr því að vera fjögurra deilda leikskóli í það að verða 6 deilda leikskóli, nýju deildarnar bera einnig nöfn úr nágrenni Klambra en þær bera nöfnin Engi og Dalur.

Leikskólinn hlaut á skólaárinu styrk vegna tónlistarverkefnis en leikskólinn er í tónlistarsamstarfi við leikskólana Nóaborg og Stakkaborg. Hluti af styrknum var nýttur til þess að endurnýja hljóðfærakost leikskólanna. Auk þess sem leikskólinn tók þátt í vinnustofu um tónlistarkennslu sem haldin var á vegum Háskóla Íslands í lok maí.

Það sem er helst á áætlun hjá okkur á næsta skólaári er að halda áfram að vera með fjölbreytta kennsluhætti í leikskólanum. Auk þess að hafa það að markmiði að hafa gaman. Þrátt fyrir framkvæmdir og flutninga þá hefur skólárið gengið vel og það verður erfitt að kveðja þau börn sem hætta hjá okkur næsta haust.

Í leikskólanum Klömbrum höfum við reynt að halda uppi jákvæðri orku og gera okkur dagamun við hvert tækifæri og munum við halda því áfram, þar sem uppbrot gera lífið alltaf áhugaverðara. Fyrstu ár barna eru mikilvæg og er það hagur okkar allra að hlúa að komandi kynslóð. Tölum jákvætt um skólastarf, finnum leiðir þegar upp koma verkefni og reynum að njóta líðandi stundar. Stígum inn í næsta skólár með jákvæðnina að leiðarljósi.

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvernig fór matið fram?	Leikskólastjóri gerði skriflegt mat Notaður var starfsdagur 24. apríl fyrir sameiginlegt mat starfsfólks
Hverjir tóku þátt í matinu? **(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)**	Allir starfsmenn deilda sem mættir voru þennan dag. Mat fór fram á hverri deild fyrir sig Börn voru spurð um leikskólann sinn í vikunni á eftir
Helstu niðurstöður mats **(styrkleikar og tækifæri til umbóta)**	

2.1 Mat leikskólastjóra

2.1.1 Stjórnun

Fundir: Að fundum verði ekki frestað

Tækifæri til umbóta: Að festa ákveðna fundi og auðvelda þannig upplýsingarflæði

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í lok skólaársins

Viðmið um árangur: Viðmið að fundir haldist án þess að vera frestað

Hvernig gekk: Markmið var að fundum yrði ekki frestað. Það er þó mat stjórnanda að stundum hafi starfsmenn tekið þessa grein full alvarlega og haldið fundi við aðstæður þar sem mönnun var tæp þó svo ekkert málefni lægi fyrir til að funda um. Stjórnandi vill því árétta að ekki sé þörf á að funda þegar ekkert málefni liggi fyrir fund. Einnig vill stjórnandi minna á að ekki sé heimilt að taka ákvarðanir um skipulag og starfsemi leikskólans í fjarveru leikskólastjóra. Framvegis mun leikskólastjóri senda út rafrænt fundarboð vegna deildastjórafunda þar sem dagskrá fundar liggur fyrir.

Skipulag: Að festa skipulag fyrir undirbúning og deildarfundi

Tækifæri til umbóta: Að allt skipulag liggi fyrir að hausti

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og aftur í maí.

Viðmið um árangur: Viðmið um árangur felst í ánægju starfsmanna með skipulagið.

Hvernig gekk: Ágætlega gekk að koma á skipulagi vegna undirbúnings. Lagt var upp með að þegar sérgreinakennarar (myndlista, tónlistar…) kæmu á deildir þá væri hægt að senda starfsfólk á móti í undirbúning. Það sem hafði áhrif á skipulagið voru tíð veikindi starfsfólks í vetur. Mikil veikindi höfðu áhrif á innra skipulag, bæði er varðar skipulag undirbúnings og deildarfunda.

2.1.2 Uppeldis og menntastarf

Verkefnastjóri fjölmenningar

Tækifæri til umbóta: Gera kennslu fyrir börn með íslensku sem annað mál markvissari

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt mat á verkefninu í janúar og maí.

Viðmið um árangur: Viðmið er að börn með íslensku sem annað tungumál nái að aðlagast umhverfinu í leikskólanum

Hvernig hefur þetta gengið: Þetta skólaárið fórum við að stað með beina íslensku kennslu þar sem skipulagðar voru vinnustundir fyrir þau börn sem þurftu meira. Það er mín tilfinning að samhliða almennri málörvun í gegnum leik á starf, þá sé meiri árangur af þessum markvissu stundum maður á mann þar sem lögð er áhersla á ákveðinn atriði sem verið er að kenna hverju barni fyrir sig. Þannig verði kennslan markvissari. Þetta skólár hefur gengið betur að halda íslenskunni á lofti og börn með erlendan bakgrunn hafa verið fljótari að ná tökum á íslenskunni.

2.1.3 Leikskólabragur



Uppeldi til ábyrgðar: Að byggja upp samskipti starfsmanna

Tækifæri til umbóta: Fræða starfsmenn og börn um leiðir til að eiga í góðum samskiptum

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat vorið 2026

Viðmið um árangur: Viðmið er góður skólabragur

Hvernig hefur gengið: Starfsmannahópurinn hefur verið virkur á skólaárinu, hann hefur þjappast saman og skipulagt ýmislegt spennandi, farið var t.d. af stað með hugmyndir af útinámi sem væri þá

eitthvað sem starfmenn milli deilda myndu skipuleggja fyrir börnin í leikskólanum. Einnig hafa starfsmenn verið mjög sveigjanlegir að leysa af milli deilda í vetur og má greina mikinn vinskap innan starfsmannahópsins.

2.1.4 Innra mat

Starfsáætlun 2025-2026: Starfsáætlun greind

Tækifæri til umbóta: skoðaðir einstakir þættir innan starfsáætlunar og skoðað hvað megi betur fara.

Hvernig og hvenær er metið: Gert verður skriflegt endurmat sem birt verður í starfsáætlun 2026-2027.

Viðmið um árangur: að skólinn verði eftirsóttur starfsstaður og að starfsmenn séu stoltir af því starfi sem fer fram í skólanum.

Hvernig hefur gengið: Það verður að viðurkennast að starfsumhverfi leikskólastjóra var mjög flókið á níliðnu skólaári í ljósi þess að fram að áramótum var leikskólastjóri ekki með skrifstofu til að vinna á og taka samtöl við starfsfólk. Eftir áramót þegar skrifstofu rími var afhent voru engar hurðar í ríminu fram í byrjun maí þannig að erfiðlega gekk að eiga samtöl við starfsmenn almennt um starfsemi leikskólans og framvindu starfsáætlunar. Það sem betur má fara á næsta skólaári er að fara yfir starfsáætlun á fyrsta deildastjórafundi hvers mánaðar svo betur sé hægt að hafa betri yfirsýn yfir þau verkefni sem ætluð eru í hverjum mánuði.



2.1.5 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar

Þróunarverkefni í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar

Viðmið fyrir sjálfseflingu voru að börnin öðlist aukið sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd. Viðmið vegna félagsfærni voru að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efli börnin í samskiptum og í framhaldi lausnarleit í samskiptum við hvort annað.

Farið var yfir gátlista menntastefnunnar, flest er að fullu komið til framkvæmda. Það sem við áttum kannski helst eftir að skoða hjá okkur var hreyfinginn. Haustið 2025 hóf störf hjá okkur starfsmaður í 50 % starf sem er að sérhæfa sig í hreyfingu. Þessi starfsmaður tók að sér að vera með skipulagðar hreyfistundir fyrir öll börn á leikskólanum. Auk þess sem aðbúnaður til hreyfistunda var endurnýjaður. Við höfum því bætt þessum þætti menntastefnunnar inn í faglega starfið okkar.



Haustið 2025 fengum við B hluta styrk menntastefnunnar ásamt leikskólunum Stakkaborg og Nóaborg, fyrir tónlistarsamstarf. Í þessu samstarfi höfum við verið að hittast og ræða tónlist auk þess sem Menntavísindasvið Háskóla Íslands hefur verið í samstarfi við þessa leikskóla að rannsaka tónlistarkennslu í leikskólum. Í lok maí var haldin ráðstefna þar sem sagt var frá rannsókninni auk þess sem rætt var um tónlistarverkefnið auk þess sem haldnar voru vinnustofur er varðar tónlistarkennslu barna.

Vináttuverkefni Blær

Viðmiða allir ungir og aldnir öðlist meiri leikni í mannlegum samskiptum.

Ákveðið var haustið 2025 að bíða með að vinna með Blæ fram að áramótum 2025-2026. Helsta ástæða þess er að áætlað var að innleiða barnasáttmála sameinuðuþjóðanna í leikskólann. Sú vinna hefur enn ekki farið af stað.

Deildarnar hafa allar verið að vinna með Blæ núna frá áramótum og hefur það gengið ágætlega. Vinnan fer helst fram á þann hátt að hlustað er á löginn sem fylgja verkefninu auk þess sem námsefnið er nýtt í samverustundum 1.-2. í viku á flestum deildum.

Gæðamálörvun í daglegu starfi



Viðmið að börnin nái betri tökum á íslenskri tungu.

Unnið er markvisst á öllum deildum með málörvun, í gegnum samverustundir, leik og í daglegum athöfnum. Allar deildir notast skipulagt við Gefðu 10, allar deildar eru með loðtöflusögur og svo eru börn líka að fara í séstakar vinnustundir þar sem verið er að leggja inn orðaforða.

Lubbi

Viðmið að þjálfa íslensk málhljóð. Markmið að kennsla í íslensku sé skemmtileg og að auðvelt sé fyrir alla sem koma að íslenskunámi barna að vera þátttakendur í kennslu og námi.

Á hverju ári er rúllað yfir málhljóðin, eitt hljóð er tekið fyrir í viku og taka allar deildar þátt í því. Foreldrar fá upplýsingar um hvaða hljóð sé verið að taka fyrir svo foreldrar fá einnig tækifæri á að taka þátt í verkefninu. Þetta verkefni hefur gengið vel. Allar deildar eru virkar í þessu verkefni.

Tákn með tali

Viðmið að tákn með tali verði notað á öllum deildum af starfsfólki.

Tákn með tali er notað í einhverri mynd á öllum deildum leikskólans. Kunnátta starfsfólks á táknunum er mismikil. Starfsmenn hafa verið að fara á námskeið í vetur og það er stefna leikskólans að halda áfram að þjálfa starfsfólk og börn í notkun á tákn með tali.

Matstofa Klambra

Verkefnið um matstofuna er í stöðugu endurmati. Skólaárið 2025-2026 fór starfsfólk að borða með börnunum í matstofunni. Matur kennara er framreiddur í matstofunni. Kennarar setjast niður með börnunum og borða. Hugmyndinn með þessari breytingu er að sýna

börnum hvað hinir fullorðnu setja á diskinn sinn og auka þannig áhuga barna á fjölbreyttum mat en einhæft mataræði barna er að aukast með árunum og sjáum við þörf á að aðstoða börnin í því að aðlagast mismunandi fæðutegundum.

2.1.6 Ytra mat

Hvað var metið?	Starfsmannakönnun á vegum Gallup
Hvernig fór matið fram?	Rafræn könnun með spurningalista
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn sem höfðu verið starfandi í leikskólanum þremur mánuðum fyrir könnunina gátu tekið þátt.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Miðað við framkvæmdir á húsnæði leikskólans og vinnuaðstöðu starfsfólks þá er merkilega lítill munur á niðurstöðum frá síðasta ári.



Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við Reykjavíkurborg og starfsstöðvar á sama sviði



4

Heildarmat

Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5

Leikskólinn Klambrar





9

Mestu breytingar

Tíu mestu breytingar eru valdar úr spurningunum sem mynda þætti úr Stofnun ársins – aðrar spurningar gætu hafa breyst meira

Leikskólinn Klambrar

Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5

Spurningar	Breyting
Ánægja með hljóðvist (ánægja eða óánægja þín með hljóð í rýminu).	0.90
Mér finnst ég hafa góð tök á öllum þáttum starfs míns.	-0.57
Mér finnst ég hafa næga yfirsýn yfir allt sem krafist er af mér í starfi.	-0.55
Mér finnst starfsandinn venjulega vera afslappaður og óþvingaður.	-0.55
Samskipti eru opin og einlæg meðal samstarfsfólks míns.	-0.55
Á mínum starfsstað/vinnustað gegnir starfsfólk ábyrgðarstöðum óháð kyni.	-0.47
Á heildina litið er ég ánægð(ur)(t) í starfi mínu.	-0.46
Það er skýrt til hvers næsti yfirmaður minn ætlast til af mér.	-0.41
Laun starfsfólks starfsstaðarins eru ákveðin af sanngirni.	0.41
Ánægja með launakjör.	0.40

Mesti munur frá næstu einingu fyrir ofan

Mesti munur er valinn úr spurningunum sem mynda þætti úr Stofnun ársins – aðrar spurningar gætu verið með meiri mun

Leikskólinn Klambrar

Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5

Spurningar	Munur
Á mínum starfsstað/vinnustað gegnir starfsfólk ábyrgðarstöðum óháð kyni.	-0.56
Á mínum starfsstað/vinnustað er lögð áhersla á jafnrétti kynja.	-0.35
Ánægja með hljóðvist (ánægja eða óánægja þín með hljóð í rýminu).	0.35
Ánægja með matar- og kaffiaðstöðu.	-0.34
Samskipti eru opin og einlæg meðal samstarfsfólks míns.	-0.34
Ánægja með loftgæði.	0.33
Á heildina litið er ég ánægð(ur)(t) í starfi mínu.	-0.33
Þegar á heildina er litið er starfsstaðurinn sem ég starfa hjá talinn vera mjög traustur.	-0.29
Mér finnst starfsandinn venjulega vera afslappaður og óþvingaður.	-0.28
Mér finnst ég hafa næga yfirsýn yfir allt sem krafist er af mér í starfi.	-0.28

Á starfsdegi þann 24. apríl voru niðurstöður stofnun ársins 2025 kynntar fyrir starfsfólki ásamt því að sett voru niður markmið um hvernig vinna megi að betri niðurstöðum á næsta ári

Mjúk byrjun

Það sem kom fram í samtölum um markmiðasetningu var t.d. að það þyrfti betri aðlögun fyrir nýtt starfsfólk. Með tillögum meirihlutans þá er það komið inn að hluta þar sem lagt var til að nýir starfsmenn fái mjúka byrjun. En miðað er við að ekki séu reiknuð börn á nýjan starfsmann fyrstu tvo dagana í vinnu.

Betri yfirsýn

Það kom fram í könnunni smávægileg aukning á óöryggi í vinnu og að starfsfólk vissi ekki hvers ætlast væri til af því. Við ræddum þessi atriði og starfsfólki var bent á að hægt væri t.d. að lesa sér til í aðalnámskrá leikskóla um hlutverk starfsfólks á leikskóla. Það var einnig rætt um tíma og starfsfólki fannst annir dagsins kæmu í veg fyrir að hægt væri að eiga samtöl er varða starfið. Markmið næsta ár er því að halda betur utan um nýja starfsmenn og vera allir starfsmenn séu duglegri að gefa sér meiri tíma og jafnvel búa sér til tíma til að tala um faglega starfið.

Starfsandi

Óöryggi og að vita ekki hvers er ætlast til getur haft neikvæð áhrif á starfsanda. Þessi atriði eiga það til að haldast í hendur. Markmið til að bæta starfsanda eru því margþætt. Frá því að taka betur á móti nýju fólki, eiga fleiri faglegar umræður og lokum var rætt um að fá Sóley frá ráðgjafateyminu til að koma á starfsdegi í haust til að aðstoða okkur við að setja okkur markmið í samskiptum auk þess að setja niður einhverja eftirfylgni.

Vonandi koma þessar aðgerðir til með að skila okkur öruggara vinnuumhverfi.

2.2 Mat elstu barnanna

Hvernig er að vera á Klömbrum ?

Gaman

Gaman

Gott

Gaman

Gaman

Skemmtilegt

Gaman

Gott

Fínt

Gott

Gott

Gott

Gott

Gaman

Ég veit ekki

Gaman

Er eitthvað sem að þér finnst að við ættum að breyta í leikskólanum ?

Já, færa sófann hjá vegginn.

Nei, ég veit ekki. Leika með lestina meira.

Ég veit ekki.

Hafa blóm og kanína

Allt flott

Breyta um allt dótið, skipta um dót við Tún.

Ég veit ekki

Ég vil breyta þetta í löggu leikskóla

Já ég vildi að ég væri drottning og allir væru þjónarnir mínir.

Já breyta dót eins og Birta er með.

Nei

Já meira skraut upp á vegginn.

Færa skúffurnar

Nei

Breyta sófanum

Nei

Hvernig finnst þér maturinn ?

Góður

Góður

Gott

Góður

Gott

Góður

Mjög gott

Gott

Ég finnst stundum maturinn vondur og stundum maturinn góður

Gott

Gott, bara brauðið.

Ekki gott

Gott en ekki gott að drekka heitt vatn

Fiskur góður

Góður

Svo gott

Hvernig hefur leikskólaárið verið ?

Gaman

Mjög mjög gaman

Skemmtilegt

Skemmtilegt

Gaman að leika með einingakubba.

Skemmtilegt.

Skemmtilegt

Góður og allt fínt

Gaman.

Vel

Gott

Vel

Flott

-

Bara allskonar

Skemmtilegt

Hvað finnst þér skemmtilegt að gera í leikskólanum ?

Lita og leika með barbie

Leika og líka dansa og líka renna mér.

Teikna

Leika með vinkona, vi er vinir og allir er vinkona. Við leika úti og inni. Úti er svo skemmtilegt, hlaupa úti og ýta rólunni úti. Skemmtilegt að fara í ferðir og allir halda í hönd.

Skemmtilegt að leika úti, leika með kastalann. Lesa bók inni. Og leika með hurðin.

Mér finnst skemmtilegt að leika með Herra Níels og Önnu og Klöru.

Leika við Brynja.

Að leika og leika líka með krakkarnir hér. Og líka Brynjar og allir og stundum elska ég að vera í friði.

Leika með Sitru og fara í dýnur.

Leika úti með engin úlpa bara peysa og strigaskór.

Leika kisur og borða ís.

Ég finnst skemmtilegt að lita perlur með vinir.

Að klippa, að leika með Andrejs og leika með lego.

Leika

Ég veit ekki

Bara leika við vina mína og leika með dót og líka samvera.

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

3.1 Frá leikskólastjóra

Stjórnun **Innra mat**	
Ná betri tökum á upplýsingaflæði	
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að starfsfólk sé betur upplýst
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildastjórafundir verða boðaðir rafrænt og mun fundagerð liggja fyrir hvern fund, einnig verður farið yfir starfsáætlun á fyrsta fundi mánaðar.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haust 2026 og lok maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Metið verður í gegnum fundi með deildastjórum í lok apríl byrjun maí 2027

(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Ef almenn ánægja er með fyrirkomulagið þá má meta það þannig að markmiði sé náð.

Stjórnun **Innra mat**	
Innra skipulag	
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Markvissara starfi á öllum deildum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með meira aðhaldi og fundum um starfsáætlunina
Ábyrgð	Leikskólastjóri og deildastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Upphaf haust 2026 fram að vori 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið skal í gegnum samtöl á deildum í lok apríl byrjun maí 2027
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Viðmið um árangur er markvissara starf, aukið stolt starfsfólks og ánægja í starfi.

Stjórnun **Innra mat**	
Skólanámskrá og starfsþróun	
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Stefnt er að því að fara betur eftir starfsáætlun
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með meira aðhaldi og fundum

Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skriflegt mat deilda í loka skólaárs 2025-2026
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Árangur er meiri vinnufriður á deildum og öruggara starfsfólk. Einnig má vísa til þess að ef starfsfólk leggur meiri metnað í skólanámskránna ef það trúir að hún sé mikilvægur leiðarvísir.

4. Starfsþróunarsamtöl

Allir starfsmenn voru boðaðir í starfsmannasamtöl dagana 5-8 maí 2026. Lagt var upp með 30 mínútna samtöl þar sem rætt var um skólaárið og væntingar til næsta skólaárs



5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Stefnt er að því að virkja starfsfólk betur að nýta sér fræðslu á Torginu. Þáttur í því er að vera með fræðslu af Torginu á starfsdögum til að sýna fram á hversu aðgengileg þessi fræðsla er fyrir ala starfmenn.

Leikskólinn hefur skuldbundið sig að innleiða Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna á næsta skólaári og munum við fá inn fræðslu tengda innleiðingunni.

Einnig verður farið í vinnu með SFS um innleiðingu á verkefninu föruneyti barna.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólarnir Klambrar, Stakkaborg og Nóaborg annarsvegar og Háteigsskóli hins vegar hafa verið í samstarfsverkefninu Skilaboðaskjóðan, sem er verkefni sem hefur verið mjög árangurríkt til að brúa bilið milli skólastiga í hverfinu. Með nýjum stjórnendum í Háteigsskóla hefur þetta verkefni fallið niður. Leikskólarnir í verkefninu hafa tekið ákvörðun um að reyna að halda þessu verkefni virku og því hefur nú þegar verið boðað til fundar við Háteigsskóla um að virkja betra samstarf.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Desember 2025 x2	samsöngur	Háteigsskóli	Háteigsskóli
16. mars	heimsókn	Háteigsskóli	Háteigsskóli
11. maí	heimsókn	Háteigsskóli	Háteigsskóli
4. júní	Hittast	Klambratún	Klambrar/Háteigsskóli

7. Foreldrasamstarf

Haldinn verður foreldrafundur þann 27. ágúst kl. 15:30. Boðað verður til aðalfundar foreldrafélags og foreldraráðs 3. September kl. 15:30, þar sem kosið verður í foreldraráð annars vegar og foreldrafélag hins vegar. Ágætlega hefur gengið að manna þessi tvö embætti. Foreldraráð leikskólans er einskonar eftirlits aðili sem fer yfir starfsáætlun í lok hvers skólaárs en að öðru leiti hafa ekki mörg mál verið að lenda á borði foreldraráðs. Foreldrafélag Klambra er svo skemmtiklúbbur foreldra sem skipuleggur hittinga foreldra utan leikskólans.

Foreldrasamtöl eru áætluð í október að hausti og mars að vori. Reiknað er með því að fyrra viðtalið að hausti sé stutt spjall um 15 mínútur og seinna samtalið að vori er aðeins lengra þar sem oft er verið að fara yfir niðurstöður TRAS sem lagt er fyrir á hverju skólaári. Deildarstjórar boða foreldra til foreldrasamtals en einnig geta foreldrar alltaf óskað eftir viðtali við deildastjóra eða stjórnendur um málefni leikskólans.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

8.1 Starfsdagar 2026-2027

- 24. ágúst, undirbúningur fyrir aðlaganir nýrra barna og úrvinnsla aðlagana barna milli deilda
- 30. september, sameiginlegur starfsdagur hverfis, fundir og fræðsla
- 30. nóvember, fundir fræðsla og jólahlaðborð starfsmanna
- 5. febrúar, sameiginlegur starfsdagur í hverfinu, fundir og fræðsla
- 27. apríl, sameiginlegur starfsdagur, menntastefnumót
- 10.maí, vinna við starfsáætlun 2026-2027

8.2 Skóladagatal 2026-2027



Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla: Klambrar

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F Foreldraviðtöl	1 S	1 Þ Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 M	1 M Foreldraviðtöl	1 F	1 L Verkalýðsdagurinn	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M Frídagur verslunarmanna	3 F Aðalfundur foreldraráð	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F Dagur leikskólans/ sta	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M Þrettándinn	6 L Dagur tónlistarskólans	6 L	6 Þ	6 F Uppstigningardagur	6 S Sjómannadagurinn	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ Dagur læsis	8 F	8 S Baráttudagur gegn einelti	8 Þ	8 F	8 M Bolludagur	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ Sprengidagur	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M Öskudagur	10 M	10 L	10 M Starfsdagur	10 F Skólaslit grunnskóla	10 L
11 Þ	11 F	11 S Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	11 M	11 F	11 M	11 F Dagur íslenska táknmálsins	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S Dagur stærðfræðinna	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M Dagur íslenskrar náttú	16 F	16 M Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S Hvítasunnudagur	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M Annar í Hvítasunnu	17 F Lýðveldisdagurinn	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F Jólaball	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F Dagur mannréttinda b	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S Konudagur - upphaf G	21 S Pálmasunnudagur	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F Skráningardagur	22 S	22 Þ	22 F Bóndadagur - upphaf Þorra	22 M Skráningardagar	22 M Skráningardagar	22 F Sumardagurinn fyrsti	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F Skráningardagur	23 M	23 M Þorláksmessa	23 L	23 Þ Skráningardagar	23 Þ Skráningardagar	23 F Umhverfisdagur	23 S	23 M	23 F
24 M Starfsdagur, skólasetni	24 F	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F Aðfangadagur jóla	24 S	24 M	24 M Skráningardagar	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F Jóladagur	25 M	25 F	25 F Skírdagur	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L Evrópski tungumáladag	26 M Skráningardagur	26 F	26 L Annar í jólum	26 Þ	26 F	26 F Föstudagurinn langi	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F Foreldrafundur	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ Menntastefnumót/star	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M Skráningardagur	28 F	28 S	28 S Páskadagur	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ Skráningardagur	29 F		29 M Annar í Páskum	29 F	29 L	29 Þ	29 F
30 S	30 M sameiginlegur starfsd	30 F	30 M Starfsdagur	30 M Skráningardagur	30 L		30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F
31 M		31 L		31 F Gamlársdagur	31 S		31 M		31 M		31 L

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:
Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

9. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins	**Samstarfsaðilar**	**Hver styrkir?**
Tónlistariðkun í þremur leikskólum	**Leikskólinn Stakkaborg** **Leikskólinn Nóaborg** **Menntavísindasvið Háskóla Íslands (Helga Rut Guðmundsdóttir)**	**B-hlutastyrkur, Reykjavíkurborg**

- Fundað var nokkrum sinnum yfir veturinn. Bæði funduðu Helga Rut og Anna Björk, auk þess sem allir aðilar funduðu saman tvisvar sinnum. Tónlistarkennarar flökkuðu á milli leikskólana og fengu að fylgjast með tónlistarkennslu.
- Helga Rut kom í leikskólana, sat tónlistarstundir og tók viðtöl við tónlistarkennara hvers leikskóla.
- Allir leikskólarnir sem tóku þátt í verkefninu uppfærðu hljóðfærakost sinn og áttu samræður innan síns leikskóla um tónlistarkennsluna.
- Í lok maí var svo afrakstur verkefnisins kynntur á ráðstefnu á vegum Menntavísindasviðs.

10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat deilda 2025-2026

10.2 Engi/Umbótaþættir

Fundir

Fundir: Að fundum verði ekki frestað
Tækifæri til umbóta: Að festa ákveðna fundi og auðvelda þannig upplýsingarflæði
Ábyrgð: Leikskólastjóri
Tímalengd: Skólaárið 2025-2026
Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í lok skólaársins
Viðmið um árangur: Viðmið að fundir haldist án þess að vera frestað
Hvernig hefur þetta gengið: Hefur gengið vel að okkar mati , höfum alltaf náð að halda fundi þegar við plönum og náð að fara yfir allt.

Skólanámskrá og starfsþróun

Skólanámskrá og starfsþróun: skólanámskránna þarf að endurskoða og tengja menntastefnu Reykjavíkurborgar.
Tækifæri til umbóta. Að endurskoða skólanámskránna.
Ábyrgð: Leikskólastjóri og deildastjórar
Tímalengd: Skólaárið 2025-2026.
Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og aftur í maí.
Viðmið um árangur: Útgáfa skólanámskrár leikskólans Klambra með tengingu í menntastefnu Reykjavíkurborgar.
Hvernig hefur þetta gengið:
Við höfum nýtt skólanámskránna og starfsáætlunina til þess að vinna verkefni sem er skráð í hverjum mánuði.

Endurskipulagning starfs á deildum

Endurskipulagning starfs á deildum: Eftir endurbætur þurfti að skipuleggja deildar upp á nýtt.
Tækifæri til umbóta: Skilvirkara starf, aukinn námstækifæri barna.
Ábyrgð: deildastjórar
Tímalengd: Vor 2025
Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt mat í maí
Viðmið um árangur: Ánægja barna, foreldra og starfsfólks.
Hvernig hefur þetta gengið: Hefur gengið vel en við höfum breytt rýminu inná deild 3x sem okkur finnst hafa góð áhrif á krakkana og okkur. Hefðum viljað
setja upp Lubba vegg og meira um Blæ þannig veggirnir væru ekki svona tómir. Í heildina erum við ánægðar og sjáum að börnin eru ánægð og foreldrar.

Innra mat á starfi

Starfsáætlun 2025-2026: Starfsáætlun greind
Tækifæri til umbóta: skoðaðir einstakir þættir innan starfsáætlunar og skoðað hvað megi betur fara
Ábyrgð: Stjórnendateymi leikskólans Klambra
Tímalengd: undir lok skólaárs 2026
Hvernig og hvenær er metið: Gert verður skriflegt endurmat sem birt verður í starfsáætlun 2025-2026.
Viðmið um árangur: að skólinn verði eftirsóttur starfstaður og að starfsmenn séu stoltir af því starfi sem fer fram í skólanum
Hvernig hefur þetta gengið: Við spjöllum mikið við krakkana um allt og þau spjalla til baka og við tölum mikið við þau í matartímanum.

Uppeldi til ábyrgðar: Að byggja upp samskipti starfsmanna
Tækifæri til umbóta: Fræða starfsmenn og börn um leiðir til að eiga í góðum samskiptum
Ábyrgð: Stjórnendateymi leikskólans
Tímalengd: Skólaárið 2024-2025.
Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat vorið 2024
Viðmið um árangur: Viðmið er góður skólabragur
Hvernig hefur þetta gengið: Við höfum notað Blæ til að kenna þeim samskipti og setja mörk en í daglegu starfi erum við duglegar að hvetja þau til að segja stopp og nota orðin sín þegar þau vilja eitthvað.
Í byrjun þá voru samskiptin erfið og við þorðum ekki að segja hvað okkar fannst eða fannst vanta , en núna þá erum við opnari og farnar að treysta hvor annarri betur og standa með okkur sjálfum.

Gæðamálörvun í daglegu starfi.
Viðmið að börnin nái betri tökum á íslenskri tungu.
Hvernig hefur þetta gengið: Hefur gengið vel en stundum höfum við þurft að tala saman á ensku en reynum að gera sem minnst af því fyrir framan börnin en það má alltaf bæta sig og gera betur. Hlustum aðalega á íslenska tónlist en okkur finnst líka mikilvægt að börn fái að heyra tónlist á öðru tungumáli, börnunum finnst gaman að dansa við spænska tónlist með takti og svo höfum við leyft þeim að hlusta á indverska tónlist.

Lubbi.
Viðmið að þjálfa íslensk málhljóð. Markmið að kennsla í íslensku sé skemmtileg og að auðvelt sé fyrir alla sem koma að íslenskunámi barna að vera þátttakendur í kennslu og námi.
Hvernig hefur þetta gengið: Vorum með lubba fyrir jól og það gekk mjög vel og börnin fannst lubbastundir mjög skemmtilegar.

Tákn með Tali

Viðmið að notast við tákn með tali í daglegu starfi með börnum.

Hvernig hefur þetta gengið: Gengið mjög vel , notum tákn með tali á hverjum degi , sérstaklega í matartímum.

Blær

Vinuáttuverkefni á vegum Barnaheill

Hvernig hefur þetta gengið: Byrjuðum á Blæstundum eftir jól og hefur gengið vel , erum með verkefni sem heitir Blær fer í heimsókn þar sem börnin fá að taka Blæ heim frá föstudegi og kemur aftur á mánudegi. Hlustum mikið á lögin frá Blæ.

Styrkleikar

Íslenskt málumhverfi , kenna börnum að setja mörk , skýr mörk frá starfsmönnum

Tækifæri

myndlist , við syngjum mikið með þeim , fín og gróf hreyfingar

10.3 Dalur /Umbótaþættir

Fundir

Fundir: Að fundum verði ekki frestað
Tækifæri til umbóta: Að festa ákveðna fundi og auðvelda þannig upplýsingarflæði
Ábyrgð: Leikskólastjóri
Tímalengd: Skólaárið 2025-2026
Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í lok skólaársins
Viðmið um árangur: Viðmið að fundir haldist án þess að vera frestað
Hvernig hefur þetta gengið: Samtals áttum við 5–6 fundi, alltaf á meðan börnin sváfu, því það er besti tíminn fyrir okkur til að tala saman. Við reyndum að skipuleggja fleiri fundi, en vegna veikinda starfsfólks féllu flestir þeirra niður. Einnig er erfitt að halda fund þegar enginn er í hvíld, þar sem börnin geta auðveldlega vaknað og gert hávaða sem gæti truflað önnur börn.

Skólanámskrá og starfsþróun

Skólanámskrá og starfsþróun: skólanámskránna þarf að endurskoða og tengja menntastefnu Reykjavíkurborgar.
Tækifæri til umbóta. Að endurskoða skólanámskránna.
Ábyrgð: Leikskólastjóri og deildastjórar
Tímalengd: Skólaárið 2025-2026.
Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og aftur í maí.
Viðmið um árangur: Útgáfa skólanámskrár leikskólans Klambra með tengingu í menntastefnu Reykjavíkurborgar.
Hvernig hefur þetta gengið: Nýtum okkur starfsáætlun við skipulagningu verkefna

Endurskipulagning starfs á deildum

Endurskipulagning starfs á deildum: Eftir endurbætur þurfti að skipuleggja deildar upp á nýtt.

Tækifæri til umbóta: Skilvirkara starf, aukinn námstækifæri barna.

Ábyrgð: deildastjórar

Tímalengd: Vor 2025

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt mat í maí

Viðmið um árangur: Ánægja barna, foreldra og starfsfólks.

Hvernig hefur þetta gengið: Allir virðast mjög ánægðir með hvernig deildin starfar og lítur út. Við viljum þróa rýmið enn frekar með því að setja upp meira af listaverkum á veggina og hengja hluti úr loftinu, þannig að það endurspegli betur umhverfi barna. Við erum ánægð með hvernig deildin er undirbúin fyrir leik og nám barna, og við höfum fjölbreytt úrval af leikföngum og námsgögnum.

Innra mat á starfi

Starfsáætlun 2025-2026: Starfsáætlun greind
Tækifæri til umbóta: skoðaðir einstakir þættir innan starfsáætlunar og skoðað hvað megi betur fara
Ábyrgð: Stjórnendateymi leikskólans Klambra
Tímalengd: undir lok skólaárs 2026
Hvernig og hvenær er metið: Gert verður skriflegt endurmat sem birt verður í starfsáætlun 2025-2026.
Viðmið um árangur: að skólinn verði eftirsóttur starfstaður og að starfsmenn séu stoltir af því starfi sem fer fram í skólanum
Hvernig hefur þetta gengið: Við þekkjum öll og fylgjum starfsáætluninni með þemunum og aðlögum listaverkefni og sumar athafnir að henni. Við viljum bæta þetta með því að skrá meira í áætlunina en aðeins heiti þemans. Við ræðum einnig reglulega við börnin um hvað þau vilja gera.

Uppeldi til ábyrgðar: Að byggja upp samskipti starfsmanna
Tækifæri til umbóta: Fræða starfsmenn og börn um leiðir til að eiga í góðum samskiptum
Ábyrgð: Stjórnendateymi leikskólans
Tímalengd: Skólaárið 2024-2025.
Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat vorið 2024
Viðmið um árangur: Viðmið er góður skólabragur
Hvernig hefur þetta gengið: Við höfum mjög jákvæð og heilbrigð samskipti okkar á milli. Við nýtum hvert tækifæri til að vaxa og þróast í starfi. Nýlega höfum við bætt skipulag varðandi undirbúning, þannig að meiri tími gefst til að undirbúa starfið. Við hlustum vel hvert á annað og reynum að mæta öllum áskorunum sem koma upp. Það eina sem okkur finnst að vantar upp á í deildinni er færni í töluðu íslensku. Við getum talað við börnin í einföldum setningum, en dýpri samræður reynast erfiðari.

Gæðamálörvun í daglegu starfi.

Viðmið að börnin nái betri tökum á íslenskri tungu.

Hvernig hefur þetta gengið: Eins og fram hefur komið tel ég að færni í töluðu íslensku sé ekki nægilega góð. Ég er þó sjálf nógu örugg til að tala, kenna og lesa fyrir börnin, sem og eiga samskipti við foreldra. Hins vegar myndi ég vilja hafa samstarfsmann á svipuðu eða betra stigi í íslensku. Ég geri mér jafnframt grein fyrir því að erfitt er að ráða starfsfólk sem bæði hefur góða íslenskukunnáttu og er hæft í starfi með börnum. Við erum að vinna að því að bæta samskipti okkar við börnin og verða öruggari í tali, og það gæti flýtt fyrir þeirri þróun að hafa einhvern í teyminu með sterkari íslenskukunnáttu.

Lubbi.

Viðmið að þjálfa íslensk málhljóð. Markmið að kennsla í íslensku sé skemmtileg og að auðvelt sé fyrir alla sem koma að íslenskunámi barna að vera þátttakendur í kennslu og námi.

